

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL

3350-003-FUN-128-V01

DAGS. / TÍMI FUNDAR

17.05.2023 / 10:05 – 12:00

NR. FUNDAR

128

VERKHEITI

128. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)

VERKKAUPI

START hópurinn

FUNDAREFNI

- Gögn ársins 2022
- Stuðlar ársins 2022 og gögn til Orkustofnunar
- Notendahandbók og umræður um breytingar á skráningu rekstrartruflana.
- Kynnt skjal um gagnagrunn START kerfisins
- Önnur mál
 - Staða verkefnis
 - Vefsíðan Truflun.is
 - Kostnaður vegna skorts

FUNDARGERÐ

IJB / 08.06.2023

FUNDARBOÐARI

IJB

FUNDARSTAÐUR

Veitur / fjarfundur

FUNDARMENN

Jón Skafti Gestsson (JSG)

Benedikt Einarsson (BE)

Baldur Hólm (BH)

Gísli Þór Ólafsson (GPÓ)

Kjartan Sigurjónsson (KS)

Ragnar Emilsson (ER)

Hendrik Tómasson (HT)

Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)

Kolbrún Reinholdsdóttir (KR)

Guðmundur Sigfinnsson (GS)

Fjarfundur

Fjarfundur

Fjarfundur

Fjarfundur

FYRIRTÆKI

Landsnet

Veitur

Norðurorka

RARIK

Landsnet

Orkubú Vestfjarða

Veitur

EFLA

EFLA

EFLA

FJARVERANDI

Egill Sigmundsson (ES)

Rán Jónsdóttir (RJ)

FYRIRTÆKI

HS Veitur

Orkustofnun

DREIFING

START hópurinn

FYRIRTÆKI

FUNDARSKJÖL

Gagnagrunnur_START_kerfis_útgáfa_maí_2023.pdf

NÆSTI FUNDUR

19.10.2023 / 10:00

Fundur START hópsins var haldinn hjá Veitum og sem fjarfundur í Teams.

Breytingar hafa orðið á skipun hópsins. Jón Skafti Gestsson hefur tekið sæti Ragnars Stefánssonar fyrir Landsnet, og verður formaður hópsins. Hann var boðinn velkominn í START hópinn og Ragnari þakkað samstarfið undanfarin ár.

1. Gögn ársins 2022

Farið yfir hvernig gekk að skrá skýrslur hjá fyrirtækjum. Hjá Veitum hefur gengið vel að skrá skýrslur, vaktmenn skrá truflanir sem verða á þeirra vakt (BE). Hjá RARIK hafa orðið miklar mannbreytingar hjá þeim sem skrá skýrslur og er verð að þjálfa nýja aðila (GPÓ). Hjá Orkubúi Vestfjarða er gengið frá skráningu innan 5 vikna frá mánaðalokum (RE). Hjá Landsneti eru þau tvö sem skrá skýrslur og er miðað við að ljúka skráningu 15 dögum eftir hver mánaðarmót. Verið er að vinna að nýju skráningarforriti (KS). Hjá Norðurorku er skráning gerð mánaðarlega og einn aðili sem skráir (BH).

2. Stuðlar ársins 2022 og gögn til Orkustofnunar

KR fór yfir myndir fyrir stuðla síðasta ársins sem munu birtast í skýrslunni. Í samanburði við 10 ára meðaltal var árið 2022 undir meðaltali síðustu 10 ára hjá HS-veitum, Norðurorku, Orkubúi Vestfjarða og RARIK dreifbýli. Hjá Landsneti, Veitum og RARIK þéttbýli var árið 2022 verra en meðaltal síðustu 10 ára.

Hjá Veitum var febrúarveður sem hafði áhrif á stuðlana.

BE nefndi að Veitur hafa í auknum mæli farið að ástandsmæla strengi og hefur það haft marktækan árangur og dregið úr truflunum.

Hjá Landsneti voru nokkrar stórar truflanir á árinu 2022. Landsnet náði ekki markmiðum sínum fyrir alla gæðastuðla fyrir árið 2022. Fyrir SMS stuðul, vegur það þungt þegar stórir notendur fara út í lengri tíma.

KR, áreiðanleikastuðull segir ekki alltaf allt, oft er betra að horfa á SMS (straumleysismínútur) stuðulinn.

Hjá dreifiveitum eru truflanir í öðru kerfi oftast vegna truflana í kerfi Landsnets.

Endanleg skýrsla verður send á hópinn í rýni þegar hún verður tilbúin.

3. Notendahandbók og umræður um breytingar á skráningu rekstraruflana

IJB fór yfir skjalið „Skráningarkerfi rekstraruflana. Töfluskilgreiningar gagnagrunns.“ sem sent hafði verið fundarmönnum fyrir fundinn. EFLA sá ekki ástæðu að uppfæra notendahandbók meðan umræður eru um breytingar á skráningu rekstraruflana.

Farið var yfir atriði á truflanaskýrslu vegna B skýrslna. Umræður voru um einstök atriði.

Truflun og bilun. RE nefnir hvort þörf sé að greina á milli truflunar og bilunar, og þá væri hægt að nefna þetta atvik. IJB, Landsnet eru eina fyrirtækið sem skráir í einhverju mæli fleiri en

eina bilun á truflun, dreifiveitur skrá oftast eina bilun á hverja truflun. Skráningarforritið gæti séð um að skráð samtímis bæði tíma bilunar og truflunar.

KS nefnir að einfalda skráningu eins mikið og mögulegt er. Skerðing truflunar er það sem skiptir öllu máli. Ætti að vera opinn SQL gagnagrunnur, t.d. til að miðla upplýsingum um vara-afslskeyrslur?

Upphafsbilun / afleidd bilun: Það mætti sleppa þessu atriði.

Eðli (Viðvarandi, Gekk yfir og Viðhald eða breytingar): Ekki þörf að aðgreina á milli viðvarandi og gekk yfir.

Tegund (Skammhlaup, jarðhlaup, ... yfirálag og önnur): Mætti vera valkvætt.

Rof. Hér mætti einfalda.

B.2. Eining sem olli bilun. RE nefnir hvort hægt sé að velja aðeins hópinn (það er Loftlína, Stöð, Jarðstrengur, Sæstrengur) en ekki atriði innan hópsins.

Þetta atriði er einnig undir atriðinu „Tegund einingar“. Hér mætti skoða hvort um tvískráningu sé að ræða, og að B2 væri valkvætt.

KS nefnir að það skiptir máli að skrá hvaða eining bilaði.

B.4 Undirliggjandi orsök truflunar. Þessu atriði mætti sleppa, færa mætti sum atriði yfir í frumorsök.

RE spyr hvort mætti sleppa aðgreiningu milli B og C skýrslu.

IJB og KR taka saman atriði um breytingu á skráningu skýrslna og koma með tillögu sem verður tekin fyrir á haustfundi hópsins.

4. Önnur mál

- a) IJB fór yfir tímanotkun START verkefnis. Flest öll verkefni eru innan áætlunar. Búið er að nota tíma vegna endurgerð handbókar. Fleiri tímar hafa unnið í sérverkefnum en áætlun gerði ráð fyrir hjá RARIK, enda var yfirlestur umfangsmeiri en áætlun.
- b) Umræða um vefsíðuna truflun.is. Nefnt að Orkustofnun ætti að birta upplýsingar sem koma fram á vefsíðu hópsins. Engar samþykktir voru gerðar um tilvist síðunnar.
- c) GS benti á atriði vegna Kostnað vegna skorts. Spurði hvort það séu óskir vegna útreikninga í skýrslunni í haust. JSG óskar eftir nánari upplýsingar varðandi uppbyggingu útreikninga. GS mun hafa sér fund um það í september.

Fundi slitið.